

v/b Braga, SK 74, kr. 34.885.88, og öðrum eignum, ef inneign hrekkur ekki fyrir kröfunni, til tryggingar framangreindri kröfu, kr. 35.385.50, ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 27. september 1968 til greiðsludags og auk alls kostnaðar vegna gerðarinnar og eftirfarandi staðfestingarmáls, fjárnáms og uppboðs, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Áminntur um sannsögli bendir umboðsmaður gerðarpóla á inn eign gerðarpóla hjá sýslumannsembættinu, kr. 34.885.88, en kveðst ekki geta bent á fleiri eignir, þar sem honum er ekki kunnugt um, að hann eigi nokkuð annað.

Fógeti lýsti því yfir, að hann legði löghald á ofangreinda inneign til tryggingar framangreindum kröfum að hluta, allt að geymdum betri rétti 3ja manns.

Fógeti brýndi fyrir umboðsmanni gerðarpóla að tilkynna honum um gerðina og þýðingu hennar.

Mánudaginn 16. júní 1969.

Nr. 201/1968. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Halldóri Ólafssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Rán. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Lögreglumennirnir Bergsteinn Árnason og Hallgrímur Jónsson hafa heitfest skýrslur sínar. Þá hafa vitnin Knud Jørgen Fuldby, Sofus Anton Knud Tuge Jørgensen, Holger Emil Petersen, Hans Peder Christensen, Tage Rugaard, Walter Højgaard Henriksen og Jørgen Hansen komið fyrir dóm í Kaupmannahöfn og borið vætti. Vitni

Þessi höfðu áður fyrir lögreglu Kaupmannahafnar gefið skýrslur um sakarefni, sem raktar eru í héraðsdómi. Er vætti vitnanna í samræmi við nefndar skýrslur og atvikalýsingu héraðsdóms, sem staðfesta ber með greindum at-
hugasemdum.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun verjanda síns, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Halldór Ólafsson, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. maí 1968.

Ár 1968, föstudaginn 31. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 319/1968: Ákærvaldið gegn Halldóri Ólafssyni, sem tekið var til dóms 17. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 15. marz s.l., „á hendur ákærða Halldóri Ólafssyni blikksmið, Bolungarvík, fæddum 9. apríl 1936 í Kaupmannahöfn, fyrir að hafa:

I.

Gerzt sekur um eftirgreind ránsbrot í Kaupmannahöfn í janúarmánuði 1968 með því að hafa þar á götum úti, ýmist einn eða ásamt öðrum manni, svo sem rakið verður, veitt ógnandi að mönnum með miðandi byssu og þannig með hótunum og jafnvel líkamlegu ofbeldi haft fé af þeim eða reynt að hafa út fé:

A. Aðfaranótt miðvikudagsins 3. janúar, þá einn síns liðs:

1. Veitt með framangreindum hætti og í auðgunarskyni að Knud Jörgen Fulby mjólkurbifreiðarstjóra, þar sem hann var að bera mjólk af bifreið sinni við Gasværksvej 4, en ákærði hætti frekari aðgerðum án þess að hafa út peninga

og hvarf á brott, er nefndur Fulby hélt áfram vinnu sinni þrátt fyrir aðgerðir og hótanir ákærða.

2. Á sama hátt og í sama skyni veitzt að drukknnum manni, Knud Jørgensen bakara, á Sdr. Boulevard, hrakið hann að húsatröppum og er maðurinn lét ekki veski sitt af hendi, rænt hann því. Verðmæti veskisins d. kr. 15, og í því voru um d. kr. 20 auk ljósmynda og ýmissa pappíra.
3. Veitzt að Holger Emil Petersen ölgerðarmanni, Flensborggade 1, með sama hætti fyrir utan heimili hans og haft af honum fé, d. kr. 5—6 hundruð.
4. Á svipuðum slóðum og á sama hátt veitzt að óþekktum miðaldra manni, hrakið hann inn í húsasund og haft af honum d. kr. 5—600.00, en skilað honum peningunum aftur, er maðurinn sagðist vera á atvinnuleysisstyrk og þetta væri aleiga sín.

B. Aðfaranótt laugardagsins 6. janúar ásamt félaga sínum, Magnúsi Jónasi Guttormi Sigurðssyni, Fredriksstadsgade 1 í Kaupmannahöfn, og eftir að þeir höfðu sammælt um að afla sér í sameiningu fjár á framangreindan hátt:

1. Í sameiningu veitzt að Hans Peder Christensen verkamanni í húsagarði við Valdemarsgade 22 með þeim hætti, að ákærði Halldór greip í hálsmálið á fötum hans, rak byssuhlaupið að hálsi nefnds Christensens og kvaðst skjóta hann, ef hann ekki afhenti peninga þá, sem hann hefði á sér, um leið og Magnús, félagi ákærða, leitaði í vösum fórnarlambins og tók peningaveski úr buxnavasa hans. Verðmæti veskisins, d. kr. 35, og í því voru d. kr. 23 og tveir lyklar, en fengurinn féll í hlut ákærða Halldórs.
 2. Í beinu framhaldi af framangreindu reynt að ræna Tage Rugaard blaðaljósmyndara, þar sem hann var að þurrka af rúðum bifreiðar sinnar við húsið Broagergade 1, með þeim hætti, að ákærði Halldór miðaði á hann byssunni með hótunum, en félagi hans Magnús stóð á lengdar, en báðir létu þeir af frekari aðgerðum og héldu brott, en Rugaard tók þessu sem gamni og hélt áfram að hreinsa glugga bifreiðar sinnar.
- Framangreind brot ákærða teljast öll varða við 252. gr., sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. þó 1. mgr. 20. gr. sömu laga, að því er varðar liði A, 1. tl., og B, 2. tl.

II.

Gerzt sekur um þjófnað með því að hafa á ferð sinni um götur

Kaupmannahafnar aðfaranótt miðvikudagsins 3. janúar, sbr. liði I, A, stolið reiðhjóli, svörtu að lit og ólæstu, við Flensborggade 1 og notað það þá um nóttina og einnig föstudagskvöldið 5. janúar, en hjólið fannst þremur dögum síðar á horni Flensborg-gade og Istedgade.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Aðfaranótt laugardagsins 13. ágúst 1966 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 16318 frá veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík áleiðis heim til sín að Múla við Suðurlandsbraut, unz lög-reglumenn stöðvuðu akstur ákærða á Lækjarteig.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar og til greiðslu skaðabóta — ef krafizt verður — og alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1957 27/5 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1957 19/8 í Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði, fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum og 219. gr. hegningarlaga.
- 1958 26/5 í Reykjavík: Kærður fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað í 2 ár frá 5/1 1960. Samþykkt með dómssátt 19/12 1959 að greiða 25.707.27 kr. skaðabætur.
- 1960 19/2 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald, sviptur ökskírteini ævilangt, fyrir brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.
- 1962 3/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 31/12 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1966 25/4 í Reykjavík: Dómur: Varðhald í 15 daga fyrir brot á 25. og 50. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuréttindum í 1 ár frá dómsbirtingu.
- 1966 10/8 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu.

I og II.

Um miðjan septembermánuð á árinu 1966 fór ákærði, Halldór Ólafsson, héðan af landi brott til Kaupmannahafnar. Kveðst hann hafa verið skilinn við konu sína og eins hafi smiðja sín verið komin í greiðsluþrot. Hafi tilgangurinn með brottförinni verið sá að fá sér vinnu og byrja nýtt líf, eins og ákærði orðar það. Nokkru eftir að ákærði kom til Kaupmannahafnar, kom kunnungi hans, Magnús Jónas Guttormur Sigurðsson, fæddur 17. marz 1936, einnig þangað ásamt konu sinni. Þjuggu þau um skeið á sama stað og ákærði. Ákærði og Magnús Jónas Guttormur hófu störf, eftir að til Kaupmannahafnar kom, og unnu á nokkrum stöðum, en voru ekki lengi á hverjum stað. Ákærði Halldór hætti störfum hjá fyrirtæki því, er hann vann hjá síðast skömmu fyrir jól á árinu 1967 vegna taugaslappleika, að hann segir. Var hann þá búinn að vera í bindindisfélagi um 3 mánaða skeið með góðum árangri. Milli jóla og nýjárs kveðst hann hafa verið við drykkju. Hafi hann orðið peningalaus og hvorki haft fé fyrir mat né til greiðslu á húsaleigu. Úr þessu hafi þó rættzt í bili, þar sem dönsk stúlka að nafni Bente Olsen, er bjó hjá ákærða, hafi lánað honum 500 krónur um áramótin. Ákærði kveðst hafa varið 300 kr. af fé þessu til greiðslu á húsaleigu og 150 kr. til kaupa á loftbyssu, en afganginum eyddi hann með öðrum hætti. Ákærði telur, að það hafi verið 2. janúar s.l., sem honum datt í hug að kaupa loftbyssuna. Fóru kaupin fram í verzlun nokkurri í Kaupmannahöfn, og var tilgangurinn með kaupunum að sögn ákærða að leika sér með byssuna, en eigi hafði það þá hvarflað að honum að nota hana til að fremja rán með henni. Byssa þessi, sem er af tegundinni Diana Mod. 5., er um 40 cm á lengd og er bæði fyrir holkúlur og örvar. Tekur hún eitt skot í einu. Auk byssunnar keypti ákærði nokkuð af skotum, þ. e. holkúlum í hana, en örvar í byssuna átti hann sjálfur svo og nokkuð af höglum. Ákærði kveðst hafa skotið nokkrum skotum úr byssunni í herbergi sínu og notað kassann utan af henni sem skotmark.

Fyrstu vikuna í janúar kveðst ákærði hafa verið við drykkju, þótt ekki hafi borið mikið á því. Fór Bente Olsen frá honum, daginn áður en hann keypti byssuna. Ákærði kveðst lítið muna eftir sér viku þessa, en sér hafi dottið í hug að útvega sér peninga á einhvern hátt. Kveðst hann ekki muna upphafið að þessu, en telja, að hvorugur þeirra Magnúsar Jónasar Guttorms hafi beinlínis átt uppástunguna að því að fremja rán, þetta hafi allt komið af sjálfu sér.

A. Aðfaranótt miðvikudagsins 3. janúar s.l. fór ákærði Hall-dór, er þá bjó í Frederiksstadsgade 1 í Kaupmannahöfn, að heiman frá sér. Ákærði kveðst ekki hafa verið í ránshugleiðing-um. Hann var undir áhrifum áfengis, en hann hafði drukkið 14—15 flöskur af áfengum bjór daglega dagana á undan. Ákærði hafði loftbyssuna meðferðis, en skot var ekki í henni. Kveðst ákærði ekki hafa þorað það, þar sem gikkurinn á byssunni hafi verið það hárnákvæmur, að ekkert hafi mátt við hann koma, svo að skot hlypi úr henni og slys getað orðið af. Ákærði kveður vel geta verið, að hann hafi verið með skot í vasa sínum. Í porti við Flensborggade 1, sem er skammt frá heimili hans, tók hann að ófrjálsu reiðhjól, sem var ólæst. Reiðhjólið notaði hann um nóttina og einnig að kvöldi föstudagsins 5. janúar. Reiðhjól þetta fannst 3 dögum síðar á horni nefndrar götu og Istedgade.

1. Umrædda nótt, klukkan 0410, hafði Knud Jörgen Fulby mjólkurbifreiðarstjóri numið staðar á vörubifreið sinni fyrir utan Gasværksvej 4 og hafið að afferma mjólk. Kom þá til hans maður, og tók Knud Jörgen eftir því, að maðurinn hafði dregið hálsklút upp fyrir munninn. Hugsaði hann sem svo, að ekki væri svo kalt í veðri, að þess þyrfti með. Maðurinn kom að bifreiðinni, og taldi Knud Jörgen, að hann vildi kaupa mjólk. Maðurinn hafði orð á því, að það væri kalt. Kveðst Knud Jörgen hafa svarað því ját-andi og haldið áfram affermingunni. Maðurinn gekk nú alveg að honum og sagði: „Hingað með veskið“. Kveðst Knud Jörgen hafa tekið eftir því, að maðurinn talaði dálítið bjagaða dönsku. Hann kveðst nú hafa orðið þess var, að maðurinn hafði hneppt frá sér frakka sínum og tekið fram einhvern hlut, sem virtist vera stór loftbyss. Álitur hann, að hlutur þessi hafi verið um 1 metra á lengd og að skeftið hafi verið gráleitt. Knud Jörgen kveðst hafa sagt manninum, að hann hefði ekkert veski og þetta væri bara loftskammyssa. Svaraði maðurinn því með þessum orðum: „Viltu sjá, hvort hún getur skotið“. Knud Jörgen kveðst þá hafa sagt: „Skjóttu bara“. Hélt hann áfram affermingunni og gekk í kringum bifreiðina, en maðurinn kom á eftir honum. Kveðst Knud Jörgen hafa talið, að hentugt væri, að hafa kassa við hendina, ef maðurinn ætlaði að aðhafast eitthvað. Eftir 2—3 mínútur kom blaðburðarmaður hverfisins á vettvang, og kveðst Knud Jörgen hafa sagt við hann, að það væri þokkalegt að verða fyrir árás svo snemma að morgni. Gekk maðurinn þá yfir götuna og hélt á brott, en Knud Jörgen fór og tilkynnti lögreglunni um atburðinn. Fékk hann blaðburðarmanninn til að vera við bifreið-

ina á meðan. Áður en maðurinn fór á brott, stakk hann byssunni eða hlut þeim, er hann var með, niður í buxur sínar við strenginn, þaðan sem hann hafði tekið hann. Þegar Knud Jörgen kom aftur á staðinn, skýrði blaðburðarmaðurinn honum frá því, að maðurinn hefði tekið reiðhjól við Gasværksvej 15 og ekið á brott. Maðurinn hafði ekkert upp úr krafsinu. Kveður Knud Jörgen sér ekki hafa fundizt krafa hans sett fram á ógnvekjandi hátt og hann hafi í raun og veru tekið þessu sem gríni.

Blaðburðarmaður sá, er að framan greinir, Walther Højgaard Henriksen, hafði ekið nótt þessa, kl. 0400, að Gasværksvej 2 og sett þar reiðhjól sitt ásamt blöðunum, sem hann var með. Var þá mjólkurbifreiðarstjórinn ekki kominn ennþá, og tók hann ekki eftir neinum á götunni. Gekk hann um garðinn að húsunum nr. 4 og 6 við götuna. Þegar hann hafði afhent blöð sín og kom út á götuna, tók hann eftir mjólkurbifreiðinni og heyrði, að ökumaðurinn var að tala við einhvern. Gaf hann því ekki nánari gætur og hélt að reiðhjóli sínu. Sagði þá ökumaðurinn við hann, að það yrði líklega ráðizt á þá. Walther Højgaard kveðst nú hafa tekið eftir því, að við hliðina á mjólkurbifreiðarstjóranum stóð maður með langa skammybyssu, sem hann beindi að bifreiðarstjóranum. Hann var með dökkan hálsklút dreginn upp fyrir andlitið og talaði józku að honum fannst. Hélt hann með báðum höndum um byssuna. Walther Højgaard kveðst hafa sagt mjólkurbifreiðarstjóranum, að svo slæmt yrði það líklega ekki, en þá sagði maðurinn, um leið og hann beindi skammybyssunni að Walther Højgaard, að hann kærði sig líklega ekki um að fá skot í magann. Maðurinn hélt áleiðis yfir götuna og beindi í sífelli skammybyssunni að Walther Højgaard og mjólkurbifreiðarstjóranum. Tók hann reiðhjól, sem stóð fyrir utan Gasværksvej nr. 15 og ók á brott.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi umrædda nótt komið að bifreiðarstjóra á Gasværksvej, er var að bera mjólk af mjólkurbifreið. Kveður hann sér hafa dottið í hug að ræna hann. Gekk hann að bifreiðarstjóranum, otaði byssunni að honum og sagði honum að láta sig hafa peninga þá, er hann væri með. Bifreiðarstjórinn hafi sagt, að hann hefði ekki peninga og tekið þessu sem gríni. Hafi hann hlegið, sagt sér að vera ekki að þessu rugli og haldið áfram að vinna. Ákærði kveður geta verið, að hann hafi spurt bifreiðarstjóran að því, hvort hann vildi fá kúlu í magann, en auðséð hafi verið á honum, að hann hafi ekki trúað því, að ákærða væri alvara. Ákærði kveðst ekki hafa verið með neitt í

byssunni og þegar hann hafi séð, að bifreiðarstjórinn hafi ekki trúað sér, hafi hann ákveðið að láta hann eiga sig. Ákærði hafði skilið reiðhjólið eftir skammt frá. Hélt hann að því og ók á því á brott. Ákærði kveður sig ekki muna eftir því, að neinn hafi komið að, á meðan hann var að ræða við bifreiðarstjóran. Ákærði telur, að Magnús Jónas Guttormur hafi komið með sér á staðinn og verið hinum megin götunnar, er þetta gerðist, en er þó ekki viss um það, þetta sé allt gloppótt hjá sér. Eftir þetta fór ákærði heim til sín á reiðhjólinu og drakk þar kaffi. Fór hann að því búnu aftur út og hafði byssuna meðferðis. Minnir ákærða, að hann hafi ekki farið á reiðhjólinu.

2. Klukkan 0435 nótt þessa hringdi Sofus Anton Knud Tuge Jørgensen bakari, til heimilis í Haderslevgade 36 í Kaupmannahöfn, til lögreglunnar þar í borg og tilkynnti, að hann hefði orðið fyrir árás á Sdr. Boulevard rétt áður og veski sínu verið rænt frá sér. Kvað hann árásarmanninn hafa verið vopnaðan vél-skammbyssu. Sofus Anton Knud Tuge, hér eftir kallaður Knud, var nokkuð með áfengisáhrifum að sögn lögreglunnar. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi umrædda nótt verið á veitingastöðum ásamt starfsbræðrum sínum og neytt þar áfengis. Þegar orðið var áliðið nætur, kveður Knud einn starfsbróður sinn hafa verið orðinn eftir með sér, en þeir hafi skilztt fyrir utan veitingastað einn, og kveðst hann hafa haldið í áttina að Sdr. Boulevard á leið heim til sín í Haderslevgade. Knud kveðst hafa haft um það bil 20 krónur í veski sínu, en aðra peningaseðla, er hann var með, geymdi hann lausa í vinstri jakkavasa. Enga skýringu getur hann samt gefið á þessu. Þetta var ekki vegna þess, að hann teldi sig hafa neitt að óttast, heldur muni vera um tilviljun að ræða. Ekki gaf hann því neinn gaum, hvort nokkur veitti honum eftirför í áttina að Sdr. Boulevard eða eftir þeirri götu, er þangað kom, en þegar hann var kominn spölkorn eftir Sdr. Boulevard, mætti hann manni. Staðnæmdist maðurinn rétt hjá honum, beindi byssu, sem Knud taldi vera vél-skammbyssu, að honum og mælti um leið á bjagaðri dönsku: „Hingað með peningana“. Jafnframt þröngvaði hann Knud inn í stigauppgang og endurtók setninguna: „Hingað með peningana“. Knud kveðst hafa orðið nokkuð skelfdur og svarað, að hann hefði enga peninga. Tók þá maðurinn sjálfur veski hans úr bakvasanum á buxum hans. Eins og áður greinir, kveður Knud hafa verið í veskinu, sem var að verðmæti 15 kr., kr. 20 í peningum auk ýmissa skjala og ljósmynda. Eftir ránið hvarf maðurinn á brott, en hvert hann

fór, kveðst Knud ekki vita. Knud kveðst þegar hafa haldið heim til sín og hringt til lögreglunnar. Hann kveðst, er heim kom, hafa saknað armbandsúrs síns. Í jakkavasanum var hann þá með um 800 kr.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa framið umrætt rán á Sdr. Boulevard. Kveður hann þó ekki hafa verið um vélbyssu að ræða, sem hann beindi að manni þeim, er hann rændi, heldur loftbyssu. Ákærði tók seðlaveski með um það bil 20 d. kr. af manninum. Hins vegar vill hann ekki viðurkenna að hafa tekið úr af honum.

3. Umrædda nótt var lögreglunni í Kaupmannahöfn tilkynnt, að um kl. 0450 hefði Holger Emil Petersen ölgerðarstarfsmaður, til heimilis í Flensborggade 1, orðið fyrir árás manns, er var með skammyssu. Hefði maðurinn krafist þess, að Holger Peter léti af hendi veski sitt, og ógnað honum með byssunni. Kveðst Holger Peter hafa látið veskið af hendi, en í því hafi verið 500—600 danskar krónur í 100 kr. seðlum.

Holger Peter hefur nánar skýrt svo frá, að hann hafi verið að fara til vinnu sinnar í umrætt skipti. Kvaddi hann konu sína, sem einnig var að fara til vinnu, en ætlaði að fara um það bil 10 mínútum seinna. Þegar hann var kominn út á tröppurnar og hafði lokað forstofudyrunum, heyrði hann eitthvert skjáf við útihurðina, sem liggur út að götunni. Þegar Holger Emil var kominn þangað, kom maður til hans og krafðist þess, að hann léti af hendi peninga þá, er hann hefði meðferðis. Holger Peter tók upp nokkuð af mynt, sem hann hafði í vasanum, en maðurinn sagði, að það væri veskið með peningunum, sem um væri að ræða. Á meðan á þessu stóð, höfðu þeir haldið út á götuna og voru um tvö skref frá útidyrunum. Um leið og maðurinn krafðist þess að fá veskið, hafði hann tekið upp stóra skammyssu, 35—40 cm á lengd, tekið á henni hleðslutaki eða tekið öryggið frá, svo að smellur heyrðist, en að því búnu þrýst hlaupinu að brjósti Holgers Peters vinstra megin. Jafnframt því sem maðurinn tók byssuna upp, dró hann hálsklút sinn fyrir neðri hluta andlitsins. Holger Peter kveðst nú hafa verið orðinn mjög hræddur og ekki þorað annað en fá manninum peninga þá, sem hann var með í veski sínu, en það voru um 500—600 danskar krónur, eins og áður greinir. Maðurinn tók við peningunum, stakk þeim í vasa sinn og sagði um leið, að Holger Peter mundi fá þá aftur. Maðurinn krafðist þess, að Holger Peter færi inn í íbúð sína, og fylgdi hann honum að forstofudyrunum aftur. Á leiðinni spurði maður-

inn Holger Peter, hvort hann hefði síma. Holger Peter kveðst hafa svarað því neitandi, enda þótt svo væri, vegna þess að maðurinn hafi bannað sér að hringja til lögreglunnar. Að því búnu flýtti Holger Peter sér inn í íbúð sína og skellti hurðinni aftur. Sagði hann konu sinni frá því, hvað gerzt hafði. Bað hann hana að hringja til lögreglunnar og tilkynna um atburðinn. Holger Peter kveður rödd mannsins hafa verið hrjúfa og hafi hann ekki talað Kaupmannahafnarmállýzku, en nánast sjálenzka mállýzku, að hann telur. Holger Peter sá engan með manninum og álitur, að hann hafi verið einn. Að því er skammbyssuna varðar, kveður hann sér hafa dottið í hug, að hún hafi ef til vill verið af sömu gerð og notaðar eru á Dyrehavsbakken á sumrin.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa framið umrætt rán. Kveðst hann hafa hitt mann fyrir utan húsdýrnar hjá honum í Flensborggade, tekið upp loftbyssuna, þrýst hlaupi hennar að honum, en hvar, kveðst hann ekki muna. Jafnframt sagði hann manninum eða skipaði honum að láta sig hafa peninga þá, er hann væri með. Gerði maðurinn það og lét ákærða fá peningafjárhæð, sem ákærði heldur þó, að hafi ekki numið alveg kr. 600.00. Maðurinn sagði við ákærða, að hann væri á atvinnuleysisstyrk og sagði ákærði því við hann, að hann mundi borga þetta seinna. Ákærði kveður ekki hafa verið skot í byssunni.

4. Jafnframt framangreindu atferli hefur ákærði viðurkennt að hafa nótt þessa á svipuðum slóðum í Kaupmannahöfn veitst að miðaldra manni, sem hann veit ekki deili á. Ekki kveðst hann muna, hvenær næturinnar þetta var, en þá var farið að renna af honum. Kveðst ákærði hafa gengið framan að manninum úti á götu og sagt honum að fara inn í port, sem var þar skammt frá. Jafnframt kveðst ákærði hafa sýnt honum byssuna og sagt honum, að hann mundi svipta hann lífi, léti hann sig ekki fá peninga þá, sem hann væri með. Maðurinn fékk ákærða þá 500—600 kr. danskar, en brast í grát. Kvaðst hann vera á atvinnuleysisstyrk, þetta væri aleigan sín og konan og börnin mundu svelta. Ákærði kveðst hafa séð, að svipað var ástatt fyrir manninum og sér og því fengið honum alla peningana aftur. Kveður ákærði manninn þá hafa sagt, að ákærði væri enginn ræningi. Ákærði telur, að maður þessi hafi verið um fimm tugt, þrekvaxinn og um 175 cm á hæð. Sagði hann ákærða, að hann mundi ekki kæra þetta til lögreglunnar.

Framangreint atferli var aldrei kært, og er ákærði einn til frásagnar um það.

Ákærði fór heim til sín eftir þetta. Kveðst hann ekki muna, hvort hann hafi hitt þar Magnús Jónas Guttorm, en telur, að hann hafi farið beint inn til sín að sofa. Ákærði kveður Magnús Jónas Guttorm ekki hafa vitað, er hann keypti byssuna, en hann hafi sýnt honum hana á eftir og hann hafi verið viðstaddur er ákærði skaut úr henni í herbergi sínu. Sömuleiðis kveðst ákærði búast við, að hann hafi vitað, að hann var með byssuna, er þeir fóru út um kvöldið, þótt ekkert hafi verið um það rætt að fremja rán, enda hafi sér ekki verið búið að detta í hug að reyna það. Ákærði kveður Magnús Jónas Guttorm hafa fengið um 100 danskar krónur af ránsfeng hans, er að framan greinir. Ekki sagði ákærði honum berum orðum, hvernig peninganna hefði verið aflað, en ákærði telur, að hann hafi mátt vita það.

Magnús Jónas Guttormur Sigurðsson hefur skýrt frá því í yfirheyrslu 31. janúar s.l., að hann hafi þekkt ákærða um 12 ára skeið. Kveðst hann hafa dvalizt um 1 árs skeið í Danmörku og hafi þeir ákærði búið saman á gististað síðustu 3 mánuðina. Magnús Jónas Guttormur kveður ákærða hafa skýrt sér frá framangreindum ránum aðfaranótt 3. janúar s.l. Einhvern næstu daga það ákærði konu hans að geyma fyrir sig 100 krónur. Hafi hún orðið við því og geymt peningana þar til að kvöldi sama dags. Kveðst Magnús Jónas Guttormur hafa verið viðstaddur, er þetta gerðist. Hugleiddi hann það ekki, að peningarnir gætu verið hluti af ránsfeng. Í annarri skýrslu frá 12. janúar hefur Magnús Jónas Guttormur hins vegar skýrt frá því, að um kl. 0600 að morgni hins 3. janúar s.l. hafi hann vaknað við, að ákærði Halldór barði að dyrum á herbergi hans í gististaðnum í Frederiksstadsgade. Eftir það hittust þeir í baðherberginu og á meðan þeir dvöldust þar, hafi ákærði trúað honum fyrir því, að hann væri nýkominn heim frá þremur skammbyssuránum, sem hann hefði framið á mönnum á götunni af handahófi. Kveðst hann hafa ógnað mjólkurbílstjóra án þess að hafa nokkuð upp úr krafsinu, en hjá manni nokkrum hefði hann náð 400—500 kr. og hjá öðrum 10—20 kr. og úri. Magnús Jónas Guttormur kveðst hafa ávitað ákærða fyrir þetta glæpsamlega atferli, en ákærði hafi sagt sér, að hann léti sér á sama standa um sjálfan sig. Hann ætlaði aðeins að útvega sér peninga til að geta farið úr landi.

Magnús Jónas Guttormur kveðst hafa verið búinn að sjá loftbyssu hjá ákærða. Var það í herbergi ákærða sama dag og ákærði keypti hana. Þegar hann spurði ákærða að því, til hvers hann

hefði aflað sér byssunnar, svaraði ákærði, að hana ætti að nota til að útvega peninga, svo að ákærði gæti komizt burt. Magnús Jónas Guttormur kveðst ekki hafa trúað þessu, en næsta morgun var hann, eins og áður greinir, ekki í vafa um þetta. Magnús Jónas Guttormur neitar að hafa á nokkurn hátt átt hlut að framangreindum ránum ákærða. Neitar hann því eindregið að hafa fengið 100 kr. frá ákærða af ránsfengnum.

B. Að kvöldi laugardagsins 6. janúar s.l. fór ákærði Halldór að heiman frá sér. Hélt hann á reiðhjóli því, sem hann hafði tekið að ófrjálsu, að blaðsöluturni á Vesterbros Torv. Ákærði var einn síns liðs, og kveðst hann hafa haft í hyggju að fremja rán þar. Ákærði skildi reiðhjólið eftir á bak við turninn. Fór hann því næst inn í símaklefa þar og lét sem hann ætlaði að hringja, en ætlunin var að reyna að ná í peninga í turninum. Afgreitt var í turninum í gegnum lúgu, og var hún opin. Ákærði taldi tilgangslaust að reyna að fremja þarna rán og hvarf á brott. Tók hann reiðhjólið og ók á því heim til sín. Kveðst hann hafa skilið hjólið eftir þar inni í porti, og var það þar síðast, þegar hann vissi til. Magnús Jónas Guttormur kveður ákærða hafa komið inn í herbergi hans umrætt kvöld um kl. 2300. Það ákærði hann um að koma með sér inn í herbergi sitt, og varð Magnús Jónas Guttormur við því. Þegar þangað kom, skýrði ákærði honum frá því, að hann ætlaði út á götu til að fremja rán og nota loftskammyssu sína við það. Ákærði hafði oft rætt um að fremja rán og talað eitthvað um banka í því sambandi. Var það árátthugsun hjá ákærða að fremja mikið rán og hverfa síðan til Ástralíu. Magnús Jónas Guttormur kveðst hafa sagt ákærða, að hann vildi ekki taka þátt í slíku. Kveðst hann hafa verið dálítið vankaður eftir svefnpillu, sem hann hafði tekið. Hann hafi látið tilleiðast að fara með ákærða út á götuna, enda hafi hann ekki áltíð, að ákærði ætlaði að gera alvöru úr þessari ákvörðun sinni.

Ákærði kveðst ekki muna, hvenær þeir Magnús Jónas Guttormur fóru á brott að heiman umrætt kvöld. Ákærði hafði byssuna með sér, en eigi var skot í henni. Kveðst hann hafa haldið á henni í hægri hendi, þannig að hlaupið vissi niður. Ákærði kveðst ekki muna til þess, að þeir Magnús Jónas Guttormur hafi verið búnir að ræða um það sín á milli að fremja rán. Ákærði var með áfengisáhrifum, en Magnús Jónas Guttormur eigi, svo að hann viti til. Kveðst ákærði hafa verið búinn að drekka nokkuð af bjór. Ákærði var í kuldaúlpu með hettu, og minnir hann, að úlpan hafi verið bláleit. Undir úlpunni var hann klæddur í

peysu, er var með háum kruga. Ákærði man ekki, hvernig Magnús Jónas Guttormur var klæddur.

1. Umrædda nótt var lögreglunni í Kaupmannahöfn tilkynnt, að Hans Peter Christiansen verkamaður, Frederiksstadsgade 1, fæddur 2. maí 1904, hefði um 2330 um kvöldið orðið fyrir árás í húsagarði við Valdemarsgade 22 og veski hans verið rænt frá honum. Hefur Hans Peder skýrt frá, að hann hafi verið á leið heim til sín í framangreint skipti og átt leið um Valdemarsgade. Kveðst hann hafa farið inn í undirganginn í Valdemarsgade 22 inn í húsagarðinn til að kasta af sér vatni, en hann býr rétt við hliðina á þessu húsi. Þegar inn í húsagarðinn kom, fór hann út í horn og kastaði þar af sér vatni. Að því búnu ætlaði hann inn til sín eftir eldhústigunum, en frá þeim liggja dyr út í garðinn. Þegar hann var á leiðinni þangað og var kominn á móts við undirganginn, komu tveir menn til hans. Kveður Hans Peder annan mannanna hafa gripið með vinstri hendinni í hálsklút sinn rétt við barkann, beint skammbyssu þar að honum og sagt: „Peningana, annars verður þú skotinn“. Hinn maðurinn athugaði frakkavasa og buxnavasa hans, nánar tiltekið alla vasa, og úr buxnavasanum tók hann buddu hans. Að því búnu sögðu mennirnir við Hans Peder, að hann skyldi hypja sig, annars yrði hann skotinn. Hans Peder kveðst nú hafa haldið að eldhústiganum. Sá hann, að mennirnir héldu um undirganginn út á götuna. Telur hann sig hafa heyrt þá tala við aðra tvo menn og heldur þess vegna, að mennirnir hafi verið fjórir. Hans Peder hélt þessu næst upp á herbergi sitt og tilkynnti síðan lögreglunni um atburðinn. Hans Peder telur báða mennina hafa talað Kaupmannahafnarmállýzku og ekki hafi verið erlendur hreimur í málfari þeirra né neitt sérstakt við það að athuga. Hans Peder kveður byssu þá, er mennirnir hafi verið með, hafa verið um 35 cm á lengd og telur, að um skammbyssu hafi verið að ræða, en eigi eftirlíkingu af byssu. Hans Peder kveður hafa verið í buddunni, sem var að verðmæti 35 danskar krónur, 23 krónur og tveir lyklar.

Ákærði Halldór hefur viðurkennt að vera valdur að umræddu ráni ásamt Magnúsi Jónasi Guttormi. Kveður hann þá hafa komið að manni inni í porti. Telur ákærði, að maðurinn hafi verið að koma úr portinu frá því að kasta af sér vatni. Ákærða minnir, að hann hafi tekið í hálsmálið á fötum mannsins, rekið byssuhlaupið frekar í maga hans en hálsinn og sagt honum að koma með peningana. Magnús Jónas Guttormur hafi

þá leitað í fötum mannsins og tekið úr vasa hans veski eða buddu. Þó tekur ákærði fram, að það geti annars verið, að það hafi verið hann sjálfur, sem leitaði á manninum, þar sem Magnús Jónas Guttormur hafi verið svo hræddur, að hann hafi varla þorað að hreyfa sig. Ákærði kveðst ekki vita, hve mikið þeim hafi áskotnast með þessu, en kveður geta verið, að það hafi verið 23 kr. Féll fengur þessi í hlut ákærða. Ákærði kveðst hafa rifið veskið í tætlur og skolað því niður á salerninu heima hjá sér. Ákærði kveður mann þann, er þeir rændu, hafa verið um 60 ára að aldri og telur, að hann hafi verið ölvaður.

Magnús Jónas Guttormur hefur viðurkennt þátttöku sína í framangreindu ráni. Hefur hann skýrt frá því, að hann geti ekki munað, hvort þeir hafi mætt manninum í undirganginum sjálfum eða á götunni rétt fyrir utan hann og hafi þá þröngvað manninum þar inn. Hafi ákærði Halldór gengið fast af manninum, gripið í fót hans, sennilega boðanginn. Magnús Jónas Guttormur kveður í einni skýrslu sinni ákærða hafa jafnframt haft skammbyssuna á lofti. Í annarri segir hann, að hann hafi ekki séð, hvort ákærði hafi tekið byssuna upp. Kveður hann hafa verið dimmt í undirganginum, svo að hann hafi ekki getað séð vel, hvað gerðist í samskiptum ákærða og gamla mannsins. Í einni skýrslu sinni hefur hann skýrt frá því, að á meðan ákærði hélt manninum föstum, hafi hann leitað í vösum hans og sér hafi tekizt að ná buddu mannsins úr bakvasanum á buxum hans. Í annarri skýrslu, sem Magnús Jónas Guttormur gaf, kveðst hann ekki muna, hvort það hafi verið hann eða ákærði Halldór, sem gerði þetta, en þó muni hann eftir því, að hann hafi leitað í frakkavösum mannsins. Að þessu loknu hlupu þeir báðir út úr undirganginum og skildu gamla manninn þar eftir. Kveðst Magnús Jónas Guttormur þá hafa verið með budduna, en fengið ákærða hana. Lét ákærði hann fá 10 kr. af peningum þeim, sem voru í buddunni, en hélt henni sjálfur ásamt peningum þeim, sem eftir voru í henni, um kr. 20.00. Magnús Jónas Guttormur telur, að ákærði hafi hent buddunni.

2. Sunnudaginn 7. janúar s.l., kl. 0035, tilkynnti Tage Rugaard blaðaljósmyndari, til heimilis í Valby, Langgade nr. 48, starfsmaður hjá Politikens Pressefoto í Kaupmannahöfn, lögreglunni þar í borg, að gerð hafi verið tilraun til að ræna sig um kl. 2330 um kvöldið á götunni fyrir utan húsið Broagergade nr. 1. Hefur Tage Rugaard skýrt svo frá, að hann hafi verið í heimsókn hjá

foreldrum sínum, sem búa í umræddu húsi. Kveðst hann hafa lagt bifreið sinni upp við gangstétt. Þegar hann kom út, ætlaði hann að þurrka af rúðum bifreiðar sinnar, áður en hann æki á brott. Á meðan hann stóð við bifreiðina, kom allt í einu til hans maður. Sagði hann við hann: „Þá er að fara inn í bílinn“. Þegar Tage leit á manninn, sá hann, að hann hélt með hægri hendinni um eitthvað, sem líktist hlaupi á vélskammbyssu, og virtist svo sem maðurinn hefði hana í bandi yfir öxlina innan undir stuttfrakka, sem hann var klæddur í. Kveðst Tage hafa getað séð um 25 cm af hlaupinu og er viss um, að það var hlaup á vélskammbyssu. Tage kveðst hafa haldið, að þetta væri einhver, sem ætlaði að gabba hann, og svarað þess vegna: „Já, nú verður þú að bíða, þangað til ég er búinn að fægja rúðurnar“. Jafnframt kveðst hann hafa haldið áfram þessum starfa sínum. Maðurinn var í 1½—2 metra fjarlægð frá Tage, og eftir andartaksbið sagði hann: „Reynið nú að koma yður inn, því að þetta er vélskammbyss“. Tage leit nú aftur á manninn, en gat ekki séð vopnið, þar sem hann var með báðar hendurnar í buxnavösunum. Hann kveðst nú hafa farið inn í bifreiðina og byrjað að þurrka af rúðunum að innan, en maðurinn hafi staðið á götunni á meðan. Rétt á eftir kallaði maðurinn til annars manns, er stóð í um 20 metra fjarlægð frá þeim: „Hej, John“. Kom maður þessi til mannsins, og ræddust þeir við á ensku. Kveðst Tage ekki hafa skilið, hvað þeir sögðu. Að því búnu héldu þeir á brott af staðnum í átt að Haderslevgade án þess að hafast frekar að. Tage kveður sér nú hafa verið fyrst ljóst, að um ránstilraun var að ræða. Hafði hann ljósmyndavél meðferðis. Veitti hann mönnunum eftirför í því skyni að taka af þeim ljósmynd, ef færi gæfist. Tókst honum að ná ljósmynd af manni þeim, sem hafði rætt við hann. Að því búnu hélt hann á ritstjórnarskrifstofu Politikens, þar sem hann framkallaði myndina og stækkaði hana. Fór hann að því búnu til lögreglunnar og tilkynnti um atburðinn.

Ákærði Halldór hefur skýrt frá því, að eftir atferlið, er í 1. lið í þætti þessum greinir, hafi þeir Magnús Jónas Guttormur haldið áfram út í næstu hliðargötu. Komu þeir þar að manni, sem var að þurrka ísingu af rúðum á bíl. Ákærði gekk að manninum, en Magnús Jónas Guttormur varð eftir hinum megin götunnar, þar sem hann þorði ekki að vera með ákærða. Ákærði kveðst hafa sagt manninum að setjast inn í bifreiðina og sýnt honum byssuna, sem hann hafði undir handarkrikanum og var óhlaðin. Þegar maðurinn sagði, að hann væri ekki hræddur við leikföng,

spurði ákærði hann að því, hvort hann vildi reyna það. Virtist hann að sögn ákærða ekki vilja það og hélt áfram að fægja rúðurnar. Ákærði kveðst hafa sagt manninum, að hann væri með vélbyssu. Kvaðst maðurinn hafa verið í hernum og ekki trúa því. Er það skoðun ákærða, að hann hefði ekki haldið áfram að fægja rúðurnar, ef hann hefði haldið, að um vélbyssu væri að ræða. Ákærði kveðst samt hafa otað hlaupi byssunnar að manninum, en haldið yfir skeftið, svo að það sást ekki. Maðurinn hafi því aðeins séð hlaupið, sem er með nokkuð stóru frammiði (sikti). Þegar maðurinn hélt áfram að þurrka af rúðunum, kveðst ákærði hafa kallað á Magnús Jónas Guttorm. Hafi þeir talað saman á ensku og ákveðið að láta manninn eiga sig. Gengu þeir á brott af staðnum, en héldu síðan í áttina heim til sín. Á þeirri leið var maðurinn allt í einu kominn fram fyrir þá og smellti af ljósmynd beint í augu ákærða. Ákærði kveðst hafa blindast um stund, en síðan reynt að elta manninn til að reyna að ná af honum myndavélinni. Maðurinn var kominn inn í bifreið, áður en ákærði vissi af, og missti hann af honum. Ákærði hélt að því búnu heim til sín, en þangað var Magnús Jónas Guttormur kominn skömmu á undan honum. Ákærði kveðst hafa farið úr úlpu sinni og hent henni á hlaupunum, strax eftir að maðurinn hafði tekið myndina af honum. Minnir hann, að hann hafi látið hana í sorptunnu. Ákærði sá mynd þá, er ljósmyndarinn tók, og viðurkenndi, að hún væri af sér. Einnig sá hann mynd af byssu þeirri, er fylgir máli þessu, og viðurkenndi að hafa verið með sams konar byssu í umrætt sinn.

Magnús Jónas Guttormur hefur skýrt frá því, að þeir ákærði hafi á leið sinni í umrætt skipti um hverfi þetta komið auga á mann í Broagergade, er stóð við hliðina á bifreið sinni. Gekk ákærði yfir götuna til mannsins, en Magnús Jónas Guttormur kveðst hafa verið kyrr á gangstéttinni. Kom til orðaskipta milli þeirra, sem Magnús Jónas Guttormur kveðst ekki hafa heyrt. Sá hann, að ákærði tók loftskambyssu sína og beindi henni að manninum. Maðurinn hélt áfram að fægja rúður bifreiðar sinnar, og kveður Magnús Jónas Guttormur ákærða hafa kallað til sín og sagt á ensku: „John, komdu hérna“. Kveðst Magnús Jónas Guttormur hafa komið yfir að bifreiðinni. Hafi hann verið hræddur um, að lögreglunni yrði tilkynnt um þetta og beðið ákærða að koma strax burt. Hlupu þeir síðan eftir götunni í áttina til Valdemarsgade og námu þar staðar, enda urðu þeir ekki varir við, að þeim væri veitt eftirför. Á meðan þeir dvöldust

barna, var allt í einu tekin ljósmynd af ákærða með „flash“. Varð þeim mjög hverft við þetta og héldu heim til sín. Daginn eftir kveðst Magnús Jónas Guttormur hafa séð í blöðunum frétt um það, er gerzt hafði, og einnig myndina. Sýndi hann ákærða þetta. Voru viðbrögð hans þau, að hann lýsti því yfir, að hann ætlaði að reyna að útvega sér reglulega skammbyssu, því að lögreglan skyldi ekki ná sér lifandi. Kveðst Magnús Jónas ekki vita, hvort ákærði hafi hugsað sér þetta sem sjálfsmorð eða sem árás á lögregluna, ef til handtöku kæmi. Magnús Jónas Guttormur kveðst þó hafa getað talið ákærða ofan af þessu og bent honum á um leið, að nú gæti hann gert alvöru úr fyrri ákvörðun sinni að fara til Íslands aftur. Féllst ákærði á þetta, og pantaði Magnús Jónas Guttormur far fyrir hann með flugvél. Fylgdi hann honum á flugvöllinn, en ákærði ætlaði með flugvél kl. 1700 um daginn.

Ákærði hefur staðfest það, er að framan greinir. Kveðst hann hafa farið frá Kaupmannahöfn með flugvél síðdegis hinn 7. janúar hingað til lands. Hafði hann byssuna meðferðis, og kveðst hann hafa selt hana í Reykjavík leigubílstjóra, sem hann ekki þekkir, fyrir 1.300 kr. Eftir dvöl í Reykjavík fór ákærði vestur í Bolungarvík, þar sem faðir hans býr, en þar var hann handtekinn 13. janúar s.l. og úrskurðaður í gæzluvarðhald.

Þegar ákærða var birt ákæran við þingfestingu málsin, tók hann fram varðandi I. A-þátt í ákæru, að hann hafi aldrei beitt líkamlegu ofbeldi í þau skipti, er þar greinir. Þá kvað hann það ekki rétt, er í B-þætti greinir, að þeir Magnús Jónas Guttormur Sigurðsson hafi sammælt um atferli það, er þar er rakið. Þeir hafi ekkert verið búnir að tala sig saman um þetta áður. Varðandi III. lið tók ákærði fram, að hann hafi einskis áfengis verið búinn að neyta og því ekki verið með áfengisáhrifum við aksturinn. Að öðru leyti viðurkenndi ákærði að hafa gerzt sekur um atferli það, er í ákæru greinir. Þá tók ákærði fram, að þetta hafi allt verið meira og minna í þoku fyrir sér, þar sem hann hafi bæði verið undir áhrifum áfengis og af pillum, þ. e. valium 10 og svefntöflum. Kveðst ákærði hafa fengið pillurnar hjá samtökum bindindismanna, er kallast „Linken“.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu telst sannað, að ákærði hafi í þau skipti, er í 2.—4. lið A hér að framan greinir, haft fé af mönnum þeim, er þar getur, með því að beina að þeim byssu og ógna þeim með henni og gert tilraun til slíks verknaðar með atferli því, er greinir í 1. lið þessa þáttar.

Enn fremur er sannað með játningu ákærða og öðrum gögnum,

að hann hafi ásamt Magnúsi Jónasi Guttormi ráðizt að manni þeim, er í 1. lið B greinir, með líkum hætti og rænt af honum veski hans og enn fremur gert tilraun til að ræna mann þann, er í 2. lið þáttar þessa greinir.

Heimfærast þetta atferli ákærða undir 252. gr., sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. þó 1. mgr. 20. gr. sömu laga, að því er varðar verknaðina í 1. lið A og 2. lið B.

Loks er sannað með játningu ákærða, að hann tók að ófrjálsu reiðhjól það, er að framan greinir, og notaði það, eins og þar er rakið. Eigi er fram komið, að ákærði hafi tekið reiðhjólið í þeim tilgangi að kasta eign sinni á það, og ákærði skildi það eftir á stað, þar sem það var auðfundið. Þykir því þetta atferli ákærða varða við 2. mgr. 259. gr., sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga. Krafa um málshöfðun frá eiganda reiðhjólsins á hendur ákærða vegna þessa atferlis hans hefur ekki komið fram, en í 4. mgr. nefndrar lagagreinar segir, að mál út af brotum á 2. og 3. mgr. greinarinnar skuli því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við. Verður ákærða samkvæmt þessu eigi gerð refsing fyrir þetta brot sitt.

III.

Laugardaginn 13. ágúst 1966, kl. 0200, er lögreglumenn voru við umferðareftirlit á lögreglubifreið á Lækjarteigi hér í borg, veittu þeir athygli bifreiðinni R 16318, sem kom akandi með biðljósum eftir götunni. Stöðvuðu þeir bifreiðina og höfðu tal af ökumanni, sem var ákærði Halldór Ólafsson. Virtist þeim hann vera undir áhrifum áfengis. Lagði sterka áfengislykt frá vitum ákærða, augu hans voru gljáandi, málfar loðið og hreyfingar óstöðugar að sögn lögreglumannanna. Ákærði var færður á lögreglustöðina. Var gert þar á honum öndunarpróf til að kanna áfengisneyzlu, og sýndi það 3—4 stig. Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra skýrði ákærði frá því, að hann hefði verið að koma á bifreiðinni frá veitingahúsinu Klúbbnum við Lækjarteig og verið á leið að Múla við Suðurlandsbraut. Þá viðurkenndi ákærði að hafa drukkið um 2 tvöfalda skammta, „sjússa“, af brennivíni að Múla um kl. 2300, og kvaðst hann hafa verið einn við drykkjuna. Ákærði játaði og að hafa fundið lítils háttar til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann kvaðst hafa sofið 2 klukkustundir nóttina áður og verið þá lítils háttar við áfengisdrykkju. Um útlit ákærða og önnur einkenni á honum segir í varðstjóra-skýrslu, að áfengisþefur af andardrætti hafi verið talsverður, and-

lit þrútið, augu rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt, framburður (frásögn) greinargóður og fatnaður snyrtilegur. Ákærði var færður á slysavarðstofuna og tekið þar úr honum blóðsýnishorn til alkóhólrannsóknar.

Fyrir dómi hefur ákærði staðfest það, að hann hafi í framangreint skipti verið að koma frá veitingahúsinu Klúbbnum og verið á leið að Múla við Suðurlandsbraut. Hins vegar hefur hann skýrt frá því, að hann hafi ekki bragðað áfengi, áður en hann hóf aksturinn, og neitar að hafa verið með áfengisáhrifum. Kveðst hann hafa viðurkennt áfengisneyzluna hjá lögregluvarðstjóra einvörðungu vegna þess, að hann hafi verið hræddur um að verða settur í fangageymslu, ef hann gerði það ekki.

Í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr ákærða, fundust reducerandi efni, er samsvara 1.12% af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar á blóðsýnishorninu úr ákærða, framburði hans hjá lögregluvarðstjóra og öðrum gögnum í máli þessu telst sannað þrátt fyrir neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðarinnar R 16318 í skilningi áfengis- og umferðarlaga í umrætt sinn. Varðar þetta atferli ákærða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Í vottorði Jakobs Jónassonar lækni, dags. 10. þ. m., segir svo um ákærða:

„Eftir beiðni yðar, þann 9/5 1968, læt ég yður hér með í té þær upplýsingar, að Halldór Ólafsson, fæddur 9/4 1936, til heimilis að Miðstræti 7, Bolungarvík, hefur dvalizt á Flókadeild Kleppspítalans frá 9/2 1968 vegna ofneyzlu áfengis og deyfi-lyfja. (Abusus Alcoholici et Medicaminorum)“.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Rétt þykir, að til frádráttar refsingunni komi 7 dagar, sem ákærði sat í gæzluvarðhaldi.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa, með því að um ítrekað brot hans er að ræða, sbr. dóminn frá 25. apríl 1966, er hér að framan greinir.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, er þykja hæfilega ákveðin kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Skaðabótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi gegn ákærða í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Ólafsson, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi 7 gæzluvarðhaldsdagar.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júní 1969.

Nr. 106/1969. **Kristinn Sölvason**

gegn

Ísbirninum h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. maí 1969, er barst Hæstarétti 4. júní 1969, hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr., 1. b., laga nr. 57/1962 frávísunardóm sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp hinn 17. maí 1969, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á sakarefnið.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili sækir í héraði kaupkröfu, sem reist er á kjarasamningi ýmissa stéttarfélaga yfirmanna á fiskiskipum og Landssambands íslenzkra útvegsmanna frá 29. desember